

Ár 2012, mánudaginn 29. október, kom landskjörstjórn saman til að fjalla um niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október sl. um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlags og tiltekin álitæfni þeim tengd. Á fundinum var kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR:

1.

Meðal gagna, sem bárust 23. október 2012 frá yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgardæmis norður eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna 20. október sl., voru 179 kjörseðlar sem yfirkjörstjórnin mat sem ógild atkvæði en umboðsmenn já- og nei- fylkinga töldu að meta ætti gild. Kjörseðlarnir voru sendir landskjörstjórn til úrskurðar í lokuðu umslagi í samræmi við 3. mgr. 103. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, og 9.-10. gr. laga nr. 91/2010, um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna.

Í sameiginlegri bókun umboðsmanna Ásdísar J. Rafnar lögfræðing fyrir já-fylkingu og Huldu Rósar Rúriksdóttur hrl. fyrir nei-fylkingu í gerðabók yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgardæmis norður eru hin 179 atkvæði greind í tvo hluta. Á 127 kjörseðlum komi fram að kjósandi hafi gert leiðréttingu á svari sínu við einni eða fleiri spurningum en að öðru leyti svarað einstökum spurningum með „Já“ eða „Nei“ eða látið vera að svara einni eða fleiri spurningum. Á 52 kjörseðlum hafi kjósandi svarað einni eða fleiri spurningum með „Já“ og „Nei“, en að öðru leyti svarað einstökum spurningum með „Já“ eða „Nei“ eða látið vera að svara einni eða fleiri spurningum. „Gerð er sú krafa að landskjörstjórn úrskurði um gildi meðfylgjandi 179 ágreiningsseðla.“

Landskjörstjórn hafa enn fremur borist frekari upplýsingar frá formanni yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgardæmis norður, dags. 29. október 2012, um þá ákvörðun að lýsa umrædda kjörseðla ógilda.

Hulda Rós Rúriksdóttir hrl., sem jafnframt er skipuð umboðsmaður á landsvísi fyrir nei-fylkingu, lagði fram greinargerð hennar og Ásdísar J. Rafnar þar sem gerð er nánari grein fyrir afstöðu þeirra til málsins. Er það niðurstaða þeirra að meta eigi svör kjósanda við hverri og einni spurningu á kjörseðlinum eins og um sérstakan kjörseðil hafi verið að ræða vegna hverrar spurningar. „Jafnframt að kjósandi hafi vegna eðlis atkvæðagreiðslunnar verið heimilt svo gilt sé að leiðrétta svar sitt á kjörseðli, hafi það verið gert með snyrtilegum hætti þannig að ljóst er hver vilji hans var. Því teljum við að úrskurða beri um gildi þessara 179 atkvæðaseðla, þannig að hvert svar verði metið sjálfstætt og óháð svörum kjósanda við öðrum spurningum og augljós leiðrétting kjósanda á svari sínu teljist gilt atkvæði.“

2.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 91/2010 getur Alþingi efnt til ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tiltekið málefni eða lagafrumvarp. Þó svo almennt sé gert ráð fyrir því í 2. mgr. 3. gr. laganna að gefnir skuli tveir möguleikar á svári, „Já“ eða „Nei“ leiðir það af 3. mgr. sama ákvæðis að Alþingi getur ákveðið að spurningar og svarkostir á kjörseðli í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu séu fleiri eða orðaðir með öðrum hætti.

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 91/2010, sbr. 2. gr. laga nr. 23/2011, kemur fram að talning atkvæða skuli fara fram á sama hátt og segir í lögum um kosningar til Alþingis svo og um það „hvort kjörseðill telst gildur eða ekki“. Upphaflega var í 9. gr. gildandi laga, nr. 91/2010, tekið fram að um meðferð atkvæða, gildi þeirra og framkvæmd talningar færi „...“ eftir lögum um kosningar til Alþingis „...“ eftir því sem við á“.

Með 2. gr. laga nr. 23/2011 var 9. gr. laga nr. 91/2010 breytt í það horf sem nú er. Við mat á gildi kjörseðla fer því samkvæmt þessu eftir fyrirmælum 100. og 101. gr. laga um kosningar til Alþingis. Þrátt fyrir þetta er hvorki í gildandi lögum né í lögskýringargögnum vikið að talningu atkvæða og mati á þeim þegar Alþingi hefur ákveðið að nýta sér heimild 3. mgr. 3. gr. laga nr. 91/2010 til þess að bjóða upp á tvær eða fleiri spurningar og svarkosti í ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í þeirri þjóðaratkvæðagreiðslu sem fram fór 20. október sl. var kjósendum gefinn kostur á að merkja við annan hvorn ferning hvernar spurningar og jafnframt að svara ekki einstökum spurningum, án þess að það hefði áhrif á gildi atkvæðisins. Í þessu ljósi, og með vísan til þess að almennt ber að hafa vilja kjósenda að leiðarljósi, sbr. 101. gr. laga um kosningar til Alþingis, verður ekki litið svo á að meta skuli atkvæði ógilt í heild sinni þó svo kjósenda hafi mistekist að tjá afstöðu sína til einstakra spurninga á kjörseðlinum, enda sé atkvæðið að öðru leyti gilt. Hvorki lög um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna né lög um kosningar til Alþingis leiða til þess að þegar málavextir eru með þeim hætti sem hér greinir beri að meta atkvæði í heild sinni ógilt. Á þessum grundvelli ber því að meta 173 atkvæði af hinum 179 atkvæðaseðlum gild.

3.

Reynir þá á hvort mat yfirkjörstjórnar á einstökum atkvæðum að því er varðar gildi einstakra spurninga samræmist 100. og 101. gr. laga um kosningar til Alþingis.

3.1

(1) Á kjörseðlum 1-90 hafa kjósendur átt við eina spurningu með þeim hætti að þeir hafa skyggt eða hulið með blýanti annan svarmöguleikann en merkt „X“ eða sett hak í hinn svarmöguleikann. Að öðru leyti hafa kjósendur tjáð afstöðu sína til annarra spurninga á kjörseðlunum með því að merkja „X“ eða setja hak í viðeigandi ferhyrning eða látið vera að merkja við spurningu. Ráða má að með þessu hafi kjósendur viljað leiðrétta svar sitt, án þess

þó að gera það ógilt eða kjörseðilinn auðkennilegan. Þegar jafnframt er horft til þess hvernig þeir hafa að öðru leyti svarað öðrum spurningum á umræddum kjörseðlum er greinilegt að kjósendur vildu að svar þeirra félli við þann svarmöguleika sem þeir höfðu merkt „X“ við eða hakað við. Með vísan til 101. laga um kosningar til Alþingis ber að meta svör þessi gild enda fara þau augljóslega ekki í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. laganna.

(2) Á kjörseðlum 91-95 hafa kjósendur átt við tvær spurningar á sama hátt og greinir um kjörseðla 1-90. Með vísan til þeirrar niðurstöðu sem þar greinir ber einnig að meta svör við þeim spurningum gild.

(3) Á kjörseðlum 96-104 hafa kjósendur átt við eina spurningu á þann hátt að þeir hafa skyggt eða hulið með blýanti svarið, án þess þó að merkja við andstæðan svarmöguleika. Með vísan til þess sem rakið er í umfjöllun um kjörseðla 1-90 verður að telja afstöðu umræddra kjósenda greinilega um að þeir hafi ekki viljað svara umræddri spurningu.

(4) Á kjörseðlum 105-115 hafa kjósendur, ekki með eins afgerandi hætti og á kjörseðlum 1-104, átt við eina spurningu. Er þá um það að ræða að greina má ummerki í gagnstæðum svarmöguleika sem reynt hefur verið að má út en engu að síður er greinilegt að merkt hefur verið með „X“ við annan valkostinn. Með vísan til 101. gr. laga um kosningar til Alþingis ber einnig að meta svör við umræddum spurningum gild.

3.2.

(1) Á kjörseðlum 116-122 hafa kjósendur átt við eina spurningu á kjörseðli með þeim hætti að ekki er greinilegt hvernig svar kjósenda hefur átt að falla.

- a. Á kjörseðli 116 hefur kjósandi sett þrjú merki „X“ við spurningu 5;
- b. Á kjörseðlum 117-121 hafa kjósendur sett skástrik í annan valmöguleika við eina spurningu, en merkt í gagnstæðan svarmöguleika með „X“;
- c. Á kjörseðli 122 hefur kjósandi skyggt báða svarmöguleikana í spurningu 3.

Með vísan til b-liðar 100. gr. laga um kosningar til Alþingis ber að meta svar við spurningu 5 á kjörseðli 116 ógilt. Með vísan til reglu 101. gr. sömu laga ber að meta öll svör á kjörseðlum 117-122 gild, enda fer það ekki augljóslega í bága við einhvern af stafliðum 100. gr. laganna.

(2) Á kjörseðlum 130-179 hafa kjósendur merkt við báða svarmöguleika við einstaka spurningu. Með vísan til b-liðar 100. gr. laga um kosningar til Alþingis ber að meta þau svör sem svo háttar um ógild. Er mat yfirkjörstjórnar á þeim ágöllum sem hér um ræðir því staðfest.

(3) Á kjörseðlum 123-128 er að finna eftirfarandi merki eða rituð orð:

- a. Á kjörseðli 123 hefur svarmöguleikinn „Nei“ í fyrstu spurningu verið skyggður eða hulinn með blýanti og orðið „Hvorugt“ ritað fyrir framan svarmöguleikana;
- b. Á kjörseðli 124 hafa tveir ógreinilegir stafir verið ritaðir fyrir framan svarmöguleika 4. spurningar.

- c. Á kjörseðli 125 hefur táknið píla verið sett aftan við annan svarmöguleikann við 3. spurningu.
- d. Á kjörseðli 126 hefur táknið píla og orðin: „Valið! Nei er valið“ verið sett fyrir aftan annan svarmöguleikann við 6. spurningu.
- e. Á kjörseðli 127 hefur fyrir framan texta 1. spurningar verið sett merkið „X“; við aðra spurningu hefur verið merkt með „X“ í báða svarmöguleika og framan við texta 3. spurningar hafa orðin „Já“ verið rituð;
- f. Á kjörseðli 128 hefur verið merkt í báða svarmöguleika með „X“ við 3. spurningu, auk þess sem orðið „Já“ hefur verið ritað fyrir aftan svarmöguleikann já.

Í d-lið 100. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, kemur fram að atkvæði skuli meta ógilt „ef áletrun er á kjörseðli fram yfir það sem fyrir er mælt eða annarleg merki sem ætla má að sett séu af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan“. Í 101. gr. sömu laga er skýringarregla sem fylgja ber í vafatilvikum við mat á gildi atkvæða. Þar segir að atkvæði skuli ekki meta ógilt, þó að gallað sé, ef greinilegt er hvernig það á að falla nema augljóslega komi í bága við einn eða fleiri stafliði 100. gr. Samkvæmt þessu verður því að líta svo á að atkvæði skuli vera ógilt, þó kjósandi hafi gert líklegt hvernig hann hefur greitt atkvæði, ef á kjörseðlinum eru annarleg merki eða orð sem ætla má að sett hafi verið af ásettu ráði til að gera seðilinn auðkennilegan þannig að augljóslega fari í bága við d-lið 100. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Öll þau merki og orð sem um ræðir eru skýrlega dregin og ljóslega sett á kjörseðlana af ásetningi kjósandans en ekki fyrir mistök. Ráða má að ætlun kjósandans hafi með þessu verið að leiðrétta merkingar sínar. Umrædd merki og orð gera á hinn bóginn kjörseðlana auðkennilega fyrir þá sem vita hvaða orð eða merki hafa verið sett á þá. Með leynilegum kosningum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 91/2010, er reynt að tryggja að kjósendur greiði ávallt atkvæði í samræmi við sína eigin sannfæringu en ekki fyrir þrýsting nákominna eða frá þeim sem kjósandinn kann að vera háður. Talning atkvæða fór fram fyrir opnum tjöldum í samræmi við fyrirmæli laga. Þegar á þetta er litið er það afstaða landskjörstjórnar að sex atkvæði á kjörseðlum 123-128 fari í bága við d-lið 100. gr. laga um kosningar til Alþingis og því beri að meta þau ógild í heild.

Úrskurðarorð:

Svör við spurningum á kjörseðlum 1 til 115, sem yfirkjörstjórn í Reykjavíkurborgardæmi norður mat ógild við talningu atkvæða við þjóðaratkvæðagreiðsluna 20. október 2012, eru gild.

Staðfest er það mat yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgardæmi norður að spurning á kjörseðli 116 er ógild. Atkvæði 117-122 eru gild.

Staðfest er mat yfirkjörstjórnar Reykjavíkurborgardæmi norður að tilgreind svör á kjörseðlum 129-179 séu ógild.

Sex atkvæði sem á eru nánar tilgreind merki og orð á kjörseðlum 123-128, og metin voru ógild í heild sinni af yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgardæmis norður við talningu atkvæða við

LANDSKJÖRSTJÓRN

Þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012 um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga og álitamál þeim tengd, eru ógild.

Freyr Ófeigsson

Sigrún Benediktsdóttir

Ástráður Haraldsson

Björn Jósef Arnviðarson

Jakob Björnsson